

Nd.

157. Nefndarálit

um frv. til laga um vinnumiðlun.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Minni hl. allshn. álitur, að ekki sé þörf slíkrar löggjafar, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Það virðist ekki vera nein ástæða til þess að s k y l d a kaupstaði landsins til þess að setja upp hjá sér slíkar skrifstofur, með því fyrirkomulagi, sem þar er gert ráð fyrir. Enda mundi þessi skrifstofa hafa allverulegan kostnað í för með sér, og ekki sanngjarnt að setja slík útgjöld á bæjar-sjóði, e. t. v. gegn ósk meiri hluta viðkomandi bæjarstjórna. Ef nauðsyn yrði vinnumiðlunarskrifstofu, eða einhvern svipaðrar stofnunar, mundu bæjarstjórnir vitanlega setja þær á stofn, og þyrfti þá engrar löggjafar við. Hér í Reykjavík hefir ráðningarskrifstofa þegar verið sett á stofn af bæjarstjórn Reykjavíkur. Þessi skrifstofa er að visu ekki enn tekin til starfa, en allur nauðsynlegur undirbúningur er þegar hafinn. Þessi skrifstofa, er bæjarstjórnin þannig hyggst að reka, er vitanlega undir eftirliti bæjarráðs, en í því eiga sæti 5 menn, kosnir hlutfallskosningu af bæjarfulltrúum. Það virðist eðlilegast, að bæjarstjórn Reykjavíkur fái sjálf að ákveða um fyrirkomulag og rekstur ráðningarskrifstofunnar, í stað þess að þvinga fram, gegn vilja meiri hl. bæjarstjórnar, skrifstofubákn, sem aðeins mundi gera vafasamt gagn. Mundi þegar vakna sterk andúð gegn slíkri skrifstofu, sem rekin væri á kostnað bæjarins, — en gegn vilja bæjarstjórnar, — og væri það eitt út af fyrir sig nægilegt til þess að útiloka, að gagnlegum tilgangi skrifstofunnar væri náð.

Þó það að sjálfsgöðu standi ekki berum orðum í frv., að það sé fram komið til höfuðs þeirri ráðningarskrifstofu, er bæjarstjórn Reykjavíkur hefir sett á stofn, þá telur minni hl. nefndarinnar hinsvegar engan vafa á, að svo sé. Er hér gerð augljós tilraun til þess að skerða með löggjöf þann sjálfsgöða rétt, er meiri hl. bæjarstjórnar hefir til þess, samkv. öllum lýðræðisreglum, að ráða sjálfur sinum málum.

Minni hl. nefndarinnar telur því, að ekki eigi með löggjöf að svipta bæjarstjórnir forráðum sinna mála, enda sé þá, að því er snertir ráðningarskrifstofu Reykjavíkur, ærinn tími til þess, ef reynslan sýndi, að rekstur hennar fullnægði ekki þeim kröfum, er gera skal til slíkra stofnana.

Minni hl. nefndarinnar leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 19. okt. 1934.

Garðar Þorsteinsson,
frsm.

Thor Thors.